

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurgötu, Hamarsbrautar og Strandgötu vegna Suðurgötu 44.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. apríl sl. breyting á deiliskipulagi Suðurgötu, Hamarsbrautar og Strandgötu vegna Suðurgötu 44. Breytingin felst í að breyta hámarks hæðarkóta þaks á afmörkuðu svæði, úr kóta G=26,40 í G=29,00. Hæð á þessu svæði fer úr 2 hæðum með kjallara í 3 hæðir með kjallara. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. apríl 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. maí 2025